

Fréttabréf foreldrafélags Hofsstaðaskóla

Hefðbundnir fundir með skólastjórnendum og bekkjarfulltrúum

Í október hittu stjórn foreldrafélagsins annars vegar Hafdís skólastjóra og hins vegar bekkjarfulltrúa. Á þessum fundum er farið yfir dagskrá vetrarins og upphaf skólaársins.

Það er ánægjulegt að sjá hve margir bekkjarfulltrúar mættu og enn ánægjulegra að sjá hvað foreldrastarfið í Hofsstaðaskóla er í mikilli sókn sem sýnir metnað okkar foreldra að gera vel.

Það styrkir samfélag barnanna okkar þegar foreldrar þekkjast. Að sinna foreldrastarfi með öflugum og skemmtilegum foreldrum verður ekki íþyngjandi kvöð heldur ótrúlega gefandi og skemmtilegt. Allir foreldrar ættu einhvern tímann að taka að sér hlutverk bekkjarfulltrúa 😊

Aðalfundur foreldrafélagsins og fræðsluerindi Þorgríms Þráinssonar

Stjórn foreldrafélagsins er skipuð hópi öflugra foreldra, oft höfum við verið vel mönnum en aldrei eins og nú sem er mikið ánægjuefni.

Stjórn foreldrafélagsins 2023 - 2024

Kristín L. Bjarnadóttir, formaður

(krlbhe@gmail.com)

Helga Rún Helgadóttir, gjaldkeri

Kristjana Steingrímsdóttir, varaformaður

Þorgerður Elín Brynjólfssdóttir, ritari

Meðstjórnendur

Sigrún Halldórsdóttir

Sigrún Stefanía

Amit Paul

Helga Rut

Heiða Ólafsdóttir

Tinna Rut Pétursdóttir



Eftir örstutt og skemmtileg aðalfundarstörf fengum við góðan gest en Þorgrímur Þráinsson var með einlægt, hispurslaust og afar áhugavert fræðsluerindi

Þorgrímur hefur í 14 ár heimsótt 220 grunnskóla á ári þar sem hann spjallar við nemendur í 10. bekk, það er því óhætt að segja að Þorgrímur sé með puttann á púlsinum þegar kemur að líðan og stöðu barna og unglinga.



Það eru 5 lykilþættir sem stuðla að góðri heilsu barnanna okkar:

- Hollur matur, þetta vitum við öll 😊
- Læsi, rannsóknir sýna að það er jákvæð fylgni á milli lesturs og námsárangurs. Þorgrímur hefur bent á að lesskilningur barna og unglinga fari versnandi eins og niðurstöður PISA könnunarinnar hefur sýnt fram á. Þorgrímur nefndi dæmi um nemanda sem skilur ekki prófspurningu og það er ekki af því að viðkomandi er heimskur heldur vegna þess að hann skortir orðaforðann. Þessi nemandi er líklegur til þess að flosna upp úr námi.
- Svefn, geta heilans til að læra getur minnkað um 40% ef þú sefur of lítið. Svefnvana krakkar glíma frekar við kvíða, þunglyndi og dapra sjálfsmynd.
- Félagsleg virkni, einmannaleiki getur valdið veikindum. Öll þráum við stuðning, traust, kærleika, nánd og samtal. Gæludýr geta gert kraftaverk fyrir þá sem eru ekki félagslega sterkir.
- Dagleg og kröftug hreyfing, krakkar sem eru í góðu standi varðandi hreyfingu fara á grænu ljósi í gegnum skólann. Íþróttaiðkun hjálpar börnum sem lifa við erfiðar heimilisaðstæður í gegnum lífið skv. sænskri rannsókn.

Það er sturluð staðreynd að þeir sem eru 5 klst. í símanum á dag eru 76 daga og nætur í símanum á ári 🤖

Jólastund

Nemendur og fjölskyldur þeirra áttu ljúfa jólastund laugardaginn 25. nóvember. Það voru skreytt piparkökuhús, jólakúlur og tréplattar. Vöflur runnu ljúflega niður með kaffi, djús eða jólaöli.



Þakklæti á aðventu

Foreldrafélagið færði kennurum og starfsmönnum Hofsstaðaskóla smá þakklætisvott, góðgæti í körfu, á aðventunni.

Stjórn foreldrafélagsins óskar ykkur gleði og kærleiksríkrar jólahátíðar með von um að þið eigið góða og nærandi samveru með börnunum ykkar.

Með hátíðarkveðju, stjórn foreldrafélags Hofsstaðaskóla